

Mánudaginn 3. nóvember 1997.

Nr. 243/1997.

Íslenska ríkið

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

gegn

Myllunni-Brauð hf.

(Ævar Guðmundsson hdl.)

Ómerking. Heimvísun. Meðdómandi. Vanhæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1997. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað að nýju til meðferðar í héraðsdómi. Auk þess krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að kröfu áfrýjanda um ómerkingu og heimvísun verði hafnað og að héraðsdómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Mál þetta er nú tekið til úrlausnar samkvæmt 2. mgr. 161. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 15. gr. laga nr. 38/1994.

Áfrýjandi styður kröfu sína um ómerkingu héraðsdóms og heimvísun málsins þeim rökum, að Stefán Svavarsson, er tók þátt í dómstörfum sem sérfróður meðdómandi, hafi verið vanhæfur til að fara með málið. Byggir áfrýjandi á því, að Stefán sé meðeigandi að félaginu Björn Steffensen og Ari Ó. Thorlacius sf., endurskoðunarstofu, samkvæmt tilkynningu þar um í Lögbirtingablaði 16. júní 1993. Skattstjórinn í Reykjavík hafi 23. janúar 1996 kveðið upp úrskurð í máli, sem varðaði það félag, og hafi vísað því 8. febrúar 1996 til skattrannsóknarstjóra á grundvelli 5. mgr. 96. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum, og 8. mgr. 27. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt með síðari breytingum. Málið hafi verið tekið til rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra og sé þar enn til meðferðar. Stefán Svavarsson sé, meðan svo stendur, sem einn eigenda fyrirtækisins vanhæfur til setu í dómi, sbr. 1. mgr. 3. gr. og g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991.

Engin gögn hafa verið lögð fram því til styrktar, að ekki hafi ver-

ið gengið með löglegum hætti frá skattframtölum framangreinds fyrirtækis eða að meðdómandinn hafi eitthvað komið að framtölunum. Hins vegar verður á það að fallast með áfrýjanda, að skattyfirvöld hafi réttmæta ástæðu til að draga óhlutdrægni meðdómandans í efa í málum um skattaleg málefni, á meðan fyrirtæki, sem hann á aðild að samkvæmt opinberri skráningu, er til rannsóknar hjá skatt-rannsóknarstjóra. Gat meðdómandinn samkvæmt þessu ekki tekið þátt í meðferð málsins í héraði, sbr. g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu til nýrrar aðalmeðferðar í héraði og dómsálagningar að nýju.

Hvor aðila skal bera sinn kostnað af málinu.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur er ómerktur, og er málinu vísað til nýrrar meðferðar í héraði og dómsálagningar að nýju.
